

Norðurlandareglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum

Formáli

Reglur þessar eru gerðar í samvinnu á milli Siglingamálastofnanna í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð, Det norske Veritas-flokkunarfélagsins í Noregi og Iðntæknistofnunarinnar í Finnlandi. Reglurnar eru byggðar á kröfum sem gilt hafa á undanförunum árum um öryggi skoðunarskyldra báta á Norðurlöndunum.

Til að ná samræmdum kröfum til allra skoðunarskyldra báta á Norðurlöndunum byggjast reglurnar á gagnkvæmri viðurkenningu framangreindra stofnanna, það er að viðurkenning af einum samstarfsaðilanum er tekin fullgild af hinum, sem grundvöllur viðurkenningar í hverju Norðurlandanna sem er.

Hvað varðar aðrar kröfur um öryggi báta, en þær sem falla undir reglur þessar, gilda reglur hvers Norðurlands fyrir sig. Auk þess getur einstakt land gert kröfur umfram ákvæði Norðurlandareglanna, til dæmis vegna óhappa, séraðstæðna eða af öðrum ástæðum og skulu sérkröfurnar þá kynntar samstarfsaðilunum. Á Íslandi gilda sérkröfur sem tilgreindar eru á eftir lista yfir helstu breytingar frá fyrri Norðurlandareglum.

Gagnkvæm viðurkenning Norðurlandanna felur einnig í sér að hver samstarfsaðilanna hefur fullan aðgang að teikningum og öðrum gögnum sem lögð eru til grundvallar við viðurkenningu báta, þótt ekki sé gengið út frá því að umræddar upplýsingar séu lagðar fram í hverju einstöku tilviki sem bátur er fluttur á milli landanna. Siglingamálastofnun ríkisins gerir hins vegar kröfu til að lagðar séu inn allar teikningar og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast fyrir hvern bát sem óskast samþykktur af stofnuninni, jafnvel þótt bátnum fylgi viðurkenningarskírteini frá öðru Norðurlandi.

Á Norðurlöndunum gilda mismunandi reglur um skoðunarskyldu báta og sér Siglingamálastofnun viðkomandi lands um útgáfu skírteina til staðfestingar á haffæri. Kröfurnar um haffærisskírteini báta styttri en 15 metrar eru sem hér segir:

Bátsgerðir	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Fiskibátar	bt > 5	Lm > 8,5	allir	Lm > 10,67	bt > 20
Farþegabátar	farþ. > 12	allir	allir	allir	farþ. > 12
Aðrir vinnubátar	bt > 5	allir	allir	-	bt > 20
Skemmtibátar	-	-	L > 6	-	-

bt = brúttótonn skv. mælingarreglum

Lm = mesta lengd í metrum

L = lengd á milli stafna í metrum

Aðrir bátar, en að framan greinir, eru ekki háðir samþykki yfirvalda ef undan eru skildir fiskibátar í Noregi með mestu lengd 5,5 - 10,67 metrar, þótt bátar þessir séu ekki skoðunarskyldir að lokinni samþykkt á bátunum nýjum.

Vinnubátareglurnar miðast fyrst og fremst við að hver bátur sé smíðaður undir sérstöku eftirliti og prófaður sérstaklega að smíði lokinni. Bátasmiðum er þó heimilt að fá litla báta með einfalda uppbyggingu samþykkt til raðsmíði, þar sem eftirlitið fellst í skyndiskoðunum.

Skemmtibátareglurnar hins vegar miðast við raðsmíði og eftirlit með skyndiskoðunum, þótt viðurkenningarstofnunin geti ákveðið að einstakir bátar séu sérsmíðaðir. Til dæmis ef um er að ræða stóra báta eða báta sem eru margbrotnir í smíði, sem talið er að geri nákvæmara eftirlit nauðsynlegt.

Reglurnar um efni og búnað eru einkum hugsaðar fyrir framleiðendur efnis og búnaðar báta, til að auðvelda þeim að fá sína vöru samþykkt af yfirvöldum. Kröfurnar um styrk, gæði, efnistegundir og búnað eru aftur á móti tilgreindar í vinnubáta- og skemmtibátahluta reglnanna og geta í vissum tilvikum verið mismunandi eftir bátsgerðum. Sama gildir að sjálfsgöð um samþykkt á efni og búnaði og samþykkt á bátunum í heild, að samþykktin er gagnkvæm þannig að samþykkt í einu Norðurlandanna gildir í þeim öllum.

Reglur þessar eru sjötta útgáfa Norðurlandareglanna og þriðja útgáfan sem kemur út á íslensku. Síðasta útgáfa öðlaðist gildi í maí 1985, en sú reglugerð var hin fyrsta sem gillti bæði um vinnubáta og skemmtibáta úr hinum ýmsu efnistegundum. Reynslan af þeirri reglugerð hafði leitt í ljós að endurskoða þyrfti ýmis ákvæði hennar og eru helstu breytingar frá fyrri Norðurlandareglum tilgreindar í framhaldi af formála þessum.

Ennfremur var orðið nokkuð ljóst að staðlar myndu fyrr eða síðar taka við af reglunum og þar af leiðandi æskilegt að setja reglurnar upp í stuttum köflum á þann veg að hægt verði að fella út einstaka kafla þegar viðkomandi staðlar verða staðfestir af Staðlaráði Íslands.

Helstu breytingar frá fyrri Norðurlandareglum

Við endurskoðun þessa á Norðurlandareglunum var fyrst og fremst leitast við að gera reglurnar aðgengilegri en fyrri reglur. Uppsetningin á fyrri reglum, það er að hafa þær í tveimur hlutum, grunnreglur og viðbótarkröfur fyrir vinnubáta, hafði reynst óheppileg og þar af leiðandi var að þessu sinni farin sú leið að skipta reglunum í þrjá sjálfstæða hluta, einn um vinnubáta, annan um skemmtibáta og þann þriðja um efni og búnað báta.

Með þessari skiptingu er vonast til að auðveldara verði að vinna eftir reglunum, en þetta fyrirkomulag gerir að ekki varð komist hjá endurtekningum í vinnu- og skemmtibátahlutunum.

Reglurnar eru í stórum dráttum óbreyttar efnislega frá fyrri Norðurlandareglum. Þó bætast við sérákvæði um dráttarbáta, yfirbyggða fiskibáta og báta sem ætlaðir eru til siglinga í ís. Ákvæðin um viðbótarstyrkingar fyrir báta sem ætlaðir eru til siglinga í ís eru ekki krafa, heldur frjálst val þeirra sem vilja fá slíka viðurkenningu á báta sína. Að öðru leyti eru helstu breytingar sem hér segir:

V-1 Samþykkt á bátum

- 1.5 Ákvæði um samþykkt á gömlum bátum, sem er nýmæli.
- 1.6 Ákvæði um viðgerðir og endurbætur á bátum, sem er nýmæli.
- 5.1 Krafa um teikningar í þremur eintökum fyrir hvern bát sem óskast samþykktur, án tillits til þess hvort um raðsmíði er að ræða.
6. Krafa um nákvæmt innra eftirlit með bátasmíðinni og skráningu upplýsinga.
- 7.2 Raðsmíði báta er háð samþykkt á innra eftirliti bátasmíðastöðvarinnar.
- 7.4 Aðeins sá hluti bátanna sem smíðaður er hjá bátasmíðastöðinni getur flokkast undir raðsmíði.
- 7.9 Sérstakar kröfur um reynslusiglingu á hraðbátum, samanber viðauka.
- 9.1 Til þessa hafa aðeins verið gefin út viðurkenningarskríteini og skilti til opinna báta, en í reglum þessum er gert ráð fyrir skírteinum fyrir alla vinnubáta upp að 15 m lengd, en útgáfu skilta fyrir vinnubáta verður hætt. Þess í stað kemur inn krafa um hleðslumerki. Sjá V-2.3.
- 9.3 Viðurkenningarskríteini verða í nýju formi.

V-2 Skilgreiningar og tákn

- 3.1 Krafa um hleðslumerki á þilfarsbáta, sem er nýmæli.
- 3.2 Krafa um hleðslumerki á opna báta, sem er nýmæli.
- 3.3 Fríborð báta tilgreint á viðurkenningarskríteini, sem er nýmæli.
- 4.4 Leyfileg hámarkshleðsla á þilfari verður tilgreind á viðurkenningarskríteini, sem er nýmæli.

V-3 Fríboð og stöðugleiki

- 1.1 Lágmarksfríboð þilfarsbáta breytist úr 100 mm frá þilfari í 200 mm.
- 2.1 Nýjar kröfur um fríborð opinna báta. Fastastærð í líkingu minnkar úr 4,5 í 3,2 sem þýðir minni kröfur um fríborð.
- 3.3 Breyting á kröfum um hleðslutilvik sem leggja skal til grundvallar við athugun á stöðugleika, frá ákvæðum Norðurlandareglna, en engin breyting frá þeim kröfum sem gerðar hafa verið til þessa.
- 3.4 Breyting á kröfum um stöðugleika frá ákvæðum Norðurlandareglna en engin breyting frá þeim kröfum sem gerðar hafa verið til þessa.
4. Ný ákvæði um stöðugleika opinna báta, þar sem gerð er krafa um lágmarksmálmiðjuhæð eða lágmarksveltítíma frá borði til sama borð.

V-4 Lúgur, hurðir og gluggar

- 1.3 Krafa verður um karma við neyðarlúgur.
- 2.1 Veðurþéttar hurðir skulu búnar minnst tveimur þéttispennum auk lamanna.

V-5 Austurop og önnur op á bol

- 2.1 Krafa um lágmarksop á plittum (þilfari) til að bátar fáist samþykktir sem opnir bátar.
- 3.3 Lokar við op á súð þilfarsbáta miðast við afstöðu opanna til þilfarsins.
- 4.1 Op loftrása verði þannig staðsett að vatn geti ekki runnið inn um þau við 30° halla opinna báta eða 40° halla þilfarsbáta.

V-6 Vatnspétt hólf og austurbúnaður

- 1.1 Í reglum þessum er krafa um að vélarúm, lest og vistarverur í þilfarsbátum skuli vera aðskilin hvert frá öðru með vatnspéttu skilrúmi. Áður var aðeins krafa um að vélarúmið væri aðskilið frá öðru rými bátsins með vatnspéttum skilrúmum.
- 2.1 Ákvæði um sérstakan austurbrunn í opnum bátum.
- 3.3 Krafa er um vél- eða rafknúna austurdælu í öllum vinnubátum, en var áður aðeins krafa í bátum 8 metrar og lengri.
- 3.5 Óheimilt er að staðsetja rafdælu í lest nema hún sé aðgengileg til hreinsunar eða önnur dæla sé í lestinni til vara.
- 3.6 Aðeins heimilt að tengja sjólögn við austurlögn að því tilskildu að viðkomandi bátur sé búinn minnst tveimur dælum með aðskildar lagnir.
- 5.1 Krafa um viðvörun um vatn í vélarúmi.

V-7 Stýrisbúnaður

- 3.5 Ákvæði um lágmarksþvermál á stýristappa, sem er nýmæli.
5. Ákvæði um efnismál á stýrisfjöðrum, sem er nýmæli.
6. Ákvæði um lágmarksstærð á stýrisfjöðrum eða reynslusiglingu til að prófa stjórn á bátum.

V-8 Vélbúnaður

- 1.1 Samkvæmt reglum þessum verður heimilt að hafa utanborðsbensínvél í öðrum bátum en farþegabátum, ef Lm B er minna en 20.
- 1.3 Kröfur um sveigutengi á milli gírs og skrúfuáss ef lengdin frá tengingunni að næstu legu er meiri en 40 sinnum þvermál ássins, þó með frávikum.
- 1.4 Krafa um staðfestingu frá vélaframleiðanda um gæði gúmpúða til festingar á vélum.
- 2.2 Óheimilt er að hafa gler til birtugjafa á bátssíðu, þilfari eða reisu yfir vélarúmi. Ennfremur krafa um raflýsingu í vélarúmi.
- 4.2 Í bátum með fleiri en eina vél skal vera sérstök útblásturslögn fyrir hverja vél.
- 4.3 Útblásturslagnir má ekki loka inni í trefjaplasti.
- 4.4 Útblástursop á þilfarsbátum skal vera ofan við þilfarið. Ennfremur skal svanaháls á vatnskældum út-

blásturslögnum vera minnst 250 mm ofan við þilfarið.

7.5 Óheimilt er að nota lagnir eða síur úr hitadeigu plasti, samkvæmt reglum þessum.

8.1 Op loftrása til vélar skulu vera í gagnstæðri síðu við loftinntak vélar.

8.3 Ákvæði um afkastagetu viftu til loftræstingar í vélarúmi.

V-9 Eldsneytisbúnaður

2.6 Í innsta lagi eldsneytisgeyma úr trefjaplasti, skal vera ísótalspólyestri og duftbundin glertrefjamotta, sem er nýmæli.

2.8 Í töflu um efnismál eldsneytisgeyma hefur verið bætt inn nýjum dálki fyrir geyma af stærðinni 200-500 lítra. Einnig hefur verið sett í reglurnar líking fyrir útreikning á efnismálum eldsneytisgeyma, sem byggir á millibili styrkinga og þrýstihæð og veitt val milli ákvæða í töflunni og líkingarinnar.

V-10 Skrufubúnaður

1.3 Við útreikning á skrufuási verður ekki heimilt að byggja niðurstöðu á meira brotþoli en 700 MPa, þó raunverulegt brotþol efnisins sé meira.

2. Ný regla um millibil á legum.

V-11 Rafbúnaður

2.1 Krafa um einangrað tvítaugakerfi.

2.2 Breytt ákvæði um tvítauga kerfi með annan pólinn til jarðar.

3.2 Nýmæli. Ákvæði um gaumljós eða hljóðmerki, sem gefur til kynna ef siglingaljós logar ekki.

3.,3 Nýmæli. Ákvæði um minnst tvær ljósagreinar fyrir almenna lýsingu.

3.4 Breytt ákvæði um álag á greinar.

4.3 Nýmæli. Ákvæði um samræmi á merkingum á rafbúnaði og teikningum.

4.6 Nýmæli. Ákvæði um að leiðarar skulu merktir, t.d. númerum eða litum í samræmi við teikningar.

6.2 Nýmæli. Ákvæði um staðsetningu rafhlaða með hliðsjón af hleðsluvatnslínu.

7.2 Krafa um að strengjagegnumtök eigi að vera að neðan eða á hliðum viðkomandi búnaðar.

V-12 Vistarverur

3.1 Ferskvatnsgeymar skulu vera úr ryðfríu efni.

V-13 Öryggi manna

6.3 Neyðarútgönguop skulu vera 600×600 mm eða 600 mm í þvermál ef þau eru hringlaga á bátum 12m og lengri.

V-14 Eldvarnir

2. Ákvæði um gastæki eru nýmæli í reglum um báta minni en 15 metrar.

5. Ákvæði um fastan slökkvibúnað með kolsýru í stað halonslökkvibúnaðar.

6.2 Í reglum þessum er krafa um brunaboða sem gefur til kynna með hljóðmerki við stýri ef reykur kemur upp í vistarverum. Áður nægði sjálfstæður reykskynjari í vistarverunum.

V-15 Lyftibúnaður

2.2 Nánari kröfur um prófun og merkingu.

3.1 Kröfur um leiðbeiningar.

V-16 Festartæki og legufæri

2.2 Deila má akkerisþyngd á tvö akkeri en annað skal þó vega minnst 2/3 af heildarþyngd.

V-17 Stýrishús og siglingatæki

1.1 Krafa um að hreinsa megi á auðveldan hátt regn, ágjöf og móðu af framrúðum á stýrishúsi.

4.2 Heimilt að topp- og skutljós séu í sambyggðu ljóskeri á öðrum bátum en fiskibátum.

V-18 Bátar úr trefjaplasti - Sérákvæði

Ákvæðin í kafla þessum eru nýmæli.

V-19 Stálbátar - Sérákvæði

Ákvæðin í kafla þessum eru nýmæli.

V-20 Álbátar - Sérákvæði

Ákvæðin í kafla þessum eru nýmæli.

V-21 Álagsstuðlar

1.2 Lítils háttar breyting á línuriti fyrir álag sjávar. Einnig breyting á lágmarksálagsstuðli sjávar.

1.3 Ný regla um álag sjávar á botn langskips.

1.5 Ný regla um álag á síður, yfirbyggingu og þilfar/plitta vegna umgangs manna.

1.6 Lágmarksstuðull verður lægri en áður var 0,003 Lm í stað 0,004 × Lm.

V-22 Efnismál báta úr trefjaplasti

5.4 Ný regla um lágmarksskerfjol kjarna í samlokum.

5.6 Kröfur til þykktar á trefjaplasti utan á samloku í bol eru minni en áður var, ef undan er skilið trefjaplast ofan á samlokuþilfari þar sem reglan breytist úr líkingu í hlutfall af gegnheilu trefjaplasti.

9.1 Ný regla um efnismál á styrktarskilrúmum.

V-23 Efnismál stálbáta

5.1 Ný regla um vatnsþétt skilrúm.

8.4 Ný regla um vélarundirstöður.

V-24 Efnismál álbáta

5.1 Ný regla um vatnsþétt skilrúm.

V-25 Efnismál trébáta

5.7 Ný regla um innra stefni sem byggð er á íslenskum tréskipareglum.

10.5 Breyting á leiðréttingarreglu um þykkt súðar á bátum sem smíðaðir eru með bæði mótuð bönd (tvöföld, laglímd) og svigabönd. Nú má einnig leiðrétta efnismál mótuðu bandanna.

25. Ný regla um vatnsþétt skilrúm.

27. Ný regla um þóftur.

V-26 Smíði báta úr trefjaplasti

1.3 Krafa um réttindi plastara.

5.2 Í stað þess að bol vinnubáta skuli smíða úr ísótalspólýestra, nægir nú að ysta glertrefjalagið í bolnum upp fyrir hleðsluvatnslínu sé vætt með ísótalspólýestra, en í staðinn kemur krafa um duftbundna mottu í ysta lagið.

5.3 Samkvæmt reglum þessum er óheimilt að nota vökvabundnar mottur með ísótalspólýestra.

7.7 Ef bolur vinnubáta er sprautaður, skal vera ein, létt, ofin motta sem næst miðju trefjaplastsins.

7.9 Ákvæði um próf fyrir sprautara sem er nýmæli.

9. Ný ákvæði um smíði með samlokuaðferð án móta.

10. Ný ákvæði um plastlögn á hart trefjaplast.

13.3 Í reglum þessum er heimilt að þykkt á einstökum blettum sé allt að 15% undir kröfum, ef meðaltal 20 mælinga uppfyllir kröfur.

13.4 Líking fyrir misþykktarstuðul.

V-30 Fiskisbátar

2. Ákvæði um lágmarksfríborð yfirbyggðra fiskibáta, sem er nýmæli.

4. Ákvæði um lúgur á yfirbyggðu vinnurými, sem er nýmæli.

5. Ákvæði um austurbrunna á yfirbyggðu fríborðspilfari, sem er nýmæli.
6. Ákvæði um austurbúnað á yfirbyggðu fríborðspilfari, sem er nýmæli.
7. Ákvæði um frárennslis af yfirbyggðu fríborðspilfari, sem er nýmæli.
9. Ákvæði um frárennslisjektora í yfirbyggðu vinnurými, sem er nýmæli.
11. Samkvæmt reglum þessum nægir að frárennslisop á plittum opinna báta séu 75% af kröfum um austurop, en áttu áður að vera minnst jafnstór og austurop.

V-31 Farþegabátar

2.2 Heimild til að víkja frá kröfum um hæð þröskulda, ef fríboð er minnst 500 mm.

4.1 Eldsneyti vélar eða tækja hafi minnst 60°C logamörk.

5. Nýjar kröfur um eldvarnir.

V-32 Dráttarbátar

Ákvæði um dráttarbáta eru nýmæli í íslenskum reglum.

V-33 Styrkingar vegna siglinga í ís

Ákvæði um styrkingar vegna siglinga í ís eru nýmæli. Ákvæðin eru ekki krafa, heldur frjálst val þeirra sem vilja fá slíka viðurkenningu í báta sína.

S-1 Samþykkt á bátum.

1.5 Ákvæði um samþykkt á gömlum bátum.

1.6 Ákvæði um viðgerðir og endurbætur á bátum.

5.1 Krafa um teikningar fyrir hvern bát sem óskast samþykktur.

6. Krafa um nákvæmt innra eftirlit með bátasmíðinni og skráningu upplýsinga.

7.3 Raðsmíði báta er háð samþykki á innra eftirliti bátasmíðastöðvarinnar.

7.5 Aðeins sá hluti bátanna sem smíðaður er hjá bátasmíðastöðinni getur flokkast undir raðsmíði.

S-7 Stýrisbúnaður

3.5 Ákvæði um lágmarksþvermál á stýristappa.

S-8 Vélbúnaður

3.1 Krafa um að hægt sé að ná vélum úr bátum án fráriðs, sem er nýmæli.

4.1 Á útblástursslögnum á að vera hljóðkútur nema á litlum vélum, þar nægir að lögnin sé vatnskæld.

4.2 Útblásturslagnir má ekki loka inni í trefjaplasti.

S-10 Reynslusigling

1. Ný ákvæði um útsýni frá stjórnstækjum.

2. Ný ákvæði um aðstæður á stjórnþalli.

3. Ný ákvæði um reynslusiglingu.

S-11 Rafbúnaður

3.1 Nýmæli. Ákvæði um minnst tvær ljósagreinar fyrir almenna lýsingu.

3.2 Breytt ákvæði um álag á greinar.

4.3 Nýmæli. Ákvæði um samræmi á merkingum á rafbúnaði og teikningum.

6.5 Nýmæli. Ákvæði um eigið rými fyrir rafhlöður með samanlagða rýmd stærri en 5 kWst.

S-14 Eldvarnir

2. Ákvæði um gastæki er nýmæli.

5. Krafa um fastan kolsýruslökkvibúnað í stað ákvæða um halon.

S-21 Álagsstuðlar

1.2 Lítils háttar breyting á línuriti fyrir álag sjávar. Einnig breyting á lágmarksálagsstuðli sjávar.

1.3 Ný regla um álag sjávar á botn langskips.

1.5 Ný regla um álag á síður, yfirbyggingu og þilfar/plitta vegna umgangs manna.

1.6 Lágmarksstuðull verður lægri en áður var 0,003 Lm í stað 0,004 × Lm.

S-22 Efnismál báta úr trefjaplasti

4.6 Heimild til að leiðrétta efnismál á grundvelli særýmis, sem er nýmæli.

5.4 Ný regla um lágmarksskerþol kjarna í samlokum.

5.6 Kröfur til þykktar á trefjaplasti utan á samloku í bol eru minni en áður var, ef undan er skilið trefjaplast ofan á samlokupilfari þar sem reglan breytist úr líkingu í hlutfall af gegnheilu trefjaplasti.

9.1 Ný regla um efnismál á styrktarskilrúmunum.

S-23 Efnismál stálbáta

3.5 Heimild til að leiðrétta efnismál á grundvelli særýmis, sem er nýmæli.

6.1 Ný regla um vatnsþétt skilrúm.

9.4 Ný regla um vélarundirstöður.

S-24 Efnismál álbáta

2.6 Heimild til að leiðrétta efnismál á grundvelli særýmis, sem er nýmæli.

5.1 Ný regla um vatnsþétt skilrúm.

S-25 Efnismál trébáta

5.7 Ný regla um innra stefni sem byggð er á íslenskum tréskipareglum.

10.5 Breyting á leiðréttingarreglu um þykkt súðar á bátum sem smíðaðir eru með bæði mótuð bönd (tvöföld, laglímd) og svigabönd. Nú má einnig leiðrétta efnismál mótuðu bandanna.

25. Ný regla um vatnsþétt skilrúm.

27. Ný regla um þóftur.

S-26 Smíði báta úr trefjaplasti

1.3. Krafa um réttindi plastara.

5.4 Í bol á að vera duftbundin motta upp fyrir hleðsluvatnslínu.

5.5 Samkvæmt reglum þessum er óheimilt að nota vökvabundnar mottur með ísótalspólýestra.

7.7 Ef bolur báta er sprautaður, skal vera ein, létt, ofin motta sem næst miðju trefjaplastsins.

7.9 Ákvæði um próf fyrir sprautara sem er nýmæli.

9. Ný ákvæði um smíði með samlokuaðferð án móta.

10. Ný ákvæði um plastlögn á hart trefjaplast.

13.3 Í reglum þessum er heimilt að þykkt á einstökum blettum sé allt að 15% undir kröfum, ef meðaltal 20 mælinga uppfyllir kröfur.

13.4 Líking fyrir misþykktarstuðul.

Íslensk sérákvæði

Eins og fram kemur í formála, hefur Ísland þá sérstöðu að hér á landi gilda reglurnar sem krafa fyrir alla báta, en eru frjálst val á öðrum Norðurlöndum fyrir báta undir þeim mörkum sem tilgreind eru í töflu formálans. Þar af leiðandi er ekki hjá því komist að hafa ákvæðin um samþykkt báta að nokkru á annan veg í íslensku útgáfu Norðurlandareglanna.

Ísland hefur einnig þá sérstöðu að vera eyja fjarri öðrum löndum, þar sem veður getur breyst snögglega til hins verra, og því talið nauðsynlegt að gera aðrar og í sumum tilvikum meiri kröfur til öryggis íslenskra báta, en gert er til báta á öðrum Norðurlöndum.

Í ljósi þessa eru í eftirfarandi Norðurlandareglum íslensk sérákvæði sem hér segir:

V-1 Samþykkt á bátum

1.6 Ákvæði um viðgerðir og endurbætur á bátum.

2.1 Íslensku reglurnar gilda um alla vinnubáta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Norðurlandareglurnar gilda fyrir vinnubáta með mestu lengd frá 5,5 m að 15 m.

5.1 Séríslensk krafa er um teikningar fyrir hvern bát sem óskast samþykktur.

7.9 Í íslensku reglunum er viðauki þar sem gerðar eru kröfur til reynslusiglingar á hraðbátum. Viðaukinn er nánast samhljóða kröfum í skemmtibátareglum um reynslusiglingu hraðbáta í kafla S-10.

V-2 Skilgreiningar og tákn

3.2 Krafa um hleðslumerki á opna báta

V-3 Fríborð og stöðugleiki

4. Séríslensk ákvæði um stöðugleika opinna báta.

V-4 Lúgur, hurðir og gluggar

1.1 Í Norðurlandareglunum er heimild til að lækka hæð karma, ef fríborð bátsins er aukið að sama skapi. Heimild þessi gildir ekki á Íslandi.

2.3 Í Norðurlandareglunum er heimild til að lækka hæð þröskulda, ef fríborð bátsins er aukið að sama skapi. Heimild þessi gildir ekki á Íslandi.

4.2 Í íslensku reglunum gildir krafan í a-lið dálks 1, um lúgur innan við glugga, fyrir alla báta, en aðeins fyrir særýmisbáta í Norðurlandareglunum.

V-5 Austurop og önnur op á bol

2.1 Krafa er um lágmarksop á plittum (þilfari) til að bátar fáist samþykktir sem opnir bátar, sem ekki er í Norðurlandareglunum.

3.3 Lokar við op á súð þilfarsbáta miðast við afstöðu opanna til þilfarsins.

4.1 Op loftrása min 380 mm ofan við plitta.

6.1 Krafa um lágmarkshæð á opum sem ekki eru búin lokum.

V-6 Vatnsþétt hólf og austurbúnaður

1.1 Í Norðurlandareglunum er krafa um vatnsþétt vélarúm upp að hleðsluvatnslínu í opnum bátum, en skv. íslensku útgáfunni á vélarúmið að vera vatnsþétt upp að hleðsluvatnslínu eða plittum, eftir því hvort hærra er.

3.3 Í íslensku reglunum er krafa um minnst 80 l/mín vél- eða rafknúna dælu í bátum styttri en 8 metrar mesta lengd, í stað 60 l/mín í Norðurlandareglunum. Auk þess er krafa um 120 l/mín dælu í báta frá 8 metra mestu lengd upp að 12 metrum í íslensku reglunum, en í Norðurlandareglunum er krafa um 80 l/mín dælu í báta 8 metra mestu lengd að 10 metrum og 120 l/mín dælu í báta 10 metrar mesta lengd að 12 metrum.

V-8 Vélbúnaður

4.4 Á þilfarsbátum skal útblátursop vera ofan við þilfar og svanaháls vatnskældra útbláturslagna ná minnst 250 mm upp fyrir þilfarið skv. íslensku reglunum, en í Norðurlandareglunum er miðað við hleðsluvatnslínu bæði á opnum bátum og þiljuðum.

V-10 Skrufubúnaður

1. Ákvæði um útreikning á þvermáli skrufuáss eru á annan veg í íslensku reglunum en Norðurlandareglunum, en ákvæðin eru það hliðstæð að heimilt er að nota hvora aðferðina sem er. Þó er ekki heimilt að ganga út frá meira brotþoli en 700 MPa samkvæmt íslensku reglunum.

V-11 Rafbúnaður

6.5 Í íslensku reglunum er krafa um lok yfir rafhlöðukössum, úr efni sem ekki leiðir rafmagn, sem er ekki krafa í Norðurlandareglunum.

6.6 Samkvæmt íslensku reglunum skulu rafhlöður minni en 10 kWh vera í vélarúmi eða tilsvarendi rýmum.

7.2 Samkvæmt íslensku reglunum er óheimilt að strengjagegnumtök séu á toppi þess búnaðar sem strengirnir tengjast, jafnvel þó notaðir séu þéttihringir.

V-12 Vistarverur

3.1 Ferskvatnsgeymar skulu vera úr ryðfríu efni.

V-13 Öryggi manna

6.3 Neyðarútgönguop á bátum 12m og lengri skulu vera 600×600 mm eða 600 mm í þvermál ef þau eru hringlaga, samkvæmt íslensku reglunum.

V-14 Eldvarnir

2.8 Kröfur eru um að hliðar og botn hólfa fyrir gaskúta hafi minnst sömu efnismál og vatnsþétt skilrúm viðkomandi báts.

4. Séríslensk krafa um handslökkvitæki.

6.2 Séríslenskar kröfur um brunaboða í vistarverum.

7.1 Séríslensk krafa um neyðarrofa á vélknúinni loftræstingu.

V-16 Festartæki og legufæri

2.2 Séríslensk ákvæði um varpakkeri sem vegur 1/3 af þeirri þyngd sem tilgreind er í línuriti.

V-26 Smíði báta úr trefjaplasti

1.3 Séríslensk ákvæði um réttindi plastbátasmiða.

Ath. Í Norðurlandareglunum er heimild til að smíða bol úr ortótalspólýestra ef grunnhúðin er húðuð með vatnsverjandi húð. Þessi smíðaaðferð er ekki samþykkt skv. íslensku reglunum.

V-29 Smíði trébáta

10. Séríslensk ákvæði um hamppéttingu, sem byggð eru á íslenskum reglum um smíði tréskipa.

V-30 Fiskibátar

7.3 Sérkrafa um lokun opa með tilliti til stöðugleika.

V-31 Farþegabátar

8. Séríslensk ákvæði um salerni.

V-32 Dráttarbátar

2. Séríslensk ákvæði um upplýsingar varðandi dráttarbúnað.

3. Séríslensk ákvæði um stöðugleika.

4. Séríslensk ákvæði um dráttarbúnað.

5. Séríslensk ákvæði um dráttarkrök.

6. Séríslensk ákvæði um dráttarvindu.

7. Séríslensk ákvæði um prófun á dráttarbúnaði.

S-1 Samþykkt á bátum.

1.6 Séríslensk ákvæði um viðgerðir og endurbætur á bátum.

5.1 Krafa um teikningar fyrir hvern bát sem óskast samþykktur.

S-14 Eldvarnir

6.1 Séríslensk ákvæði um brunaboða í vélarúmi.

6.2 Séríslensk ákvæði um brunaboða í vistarverum.

S-16 Festartæki og legufæri

2. Séríslensk ákvæði um legufæri

S-26 Framleiðsla á bátum úr trefjaplasti

1.3 Séríslensk ákvæði um réttindi plastbátasmiða.